

Börkur Sigurbjörnsson

# Mannspeglar

örsaga



Urban Volcano

# Mannspeglar


## Börkur Sigurbjörnsson

Creative Commons (BY-NC-ND) – 2023  
<https://creativecommons.org/licenses/by-nc-nd/3.0/>

Útgefandi: Urban Volcano

<https://urbanvolcano.net/>

Þessa sögu má afrita með hvaða hætti sem hugnast getur, svo sem með fjölríttun, meitlun í stein eða upplestri í gegnum Zoom úr baðkari á jónsmessunótt, svo fremi sem vísað er í höfund, efniinu ekki breytt á nokkurn hátt og ekki skapist fjárhagslegur ávinningur af afrituninni.



## Mannspeglar

---

„Mér myndi aldrei detta það í hug að fara í göngutúr eins míns liðs,“ sagði samstarfskona mín þegar talið barst í kaffihléinu að atburðum helgarinnar og ég sagðist hafa farið í langan göngutúr upp með Amstel.

„Hvers vegna ekki?“ spurði ég hissa. „Það er ekki eins og það leynist margar hættur þarna á árbökkunum. Sérstaklega ekki um hábjartan dag.“

„Ég er ekki hrædd,“ sagði hún ákveðin. „Ég vil bara ekki að fólk haldi að ég sé einmana.“

„En ertu það?“

„Hvað?“

„Einmana?“

„Auðvitað ekki.“

Hún flýtti sér svo að beina samtalinu á aðrar brautir og ég fylgdi henni þangað, jafnvel þótt mér fyndist við eiga ýmislegt órætt um þetta efni. Ég get sett mig í hennar spor. Ég hafði einu sinni verið á sama stað í lífinu. Sífelldar spegla mig í augum annarra. Ég hafði haft sífelldar áhyggjur af því að uppfylla ekki væntingar samfélagsins varðandi það hvernig fólk ætti að vera og hvernig ekki. Ég hafði hegðað mér eins og ég hélt að fólk gerði ráð fyrir að ég ætti að hegða mér.

Nú var af sem áður var. Mér hafði tekist að beina augum mínum inn í mína eigin sál í stað þess að leita sífelldar sjálfum mér í augnaráði heimsins. Það veitti mér ró.

Ég einsetti mér að reyna einhvern daginn að hjálpa samstarfskonu minni að líta heiminn sömu augum. En ekki í dag. Hún var ekki skapi til þess.

## Um höfundinn

---

Börkur Sigurbjörnsson er menntaður tölvunarfræðingur og hefur hugbúnaðarþróun sem aðal viðurværi en sinnir skáldskap í hjáverkum. Börkur er fæddur og uppalinn í Reykjavík en hefur á undanförunum tveimur áratugum búið víðs vegar um heiminn, með langtímadvöl í Amsterdam, Barselóna, Bursheid, Düsseldorf, Lundúnum, Montevideo, París og Reykjavík. Börkur birtir reglulega örsögur, smásögur og ljóð á vefsíðunni Urban Volcano.

## Bækur höfundarins

Talaðu við ókunnuga, smásagnasafn (2019)

52 augnablik, örsagnasafn (2017)

999 Erlendis, smásagnasagn (2012)

## Aðrir tenglar

Börkur Sigurbjörnsson (heimasíða)

Urban Volcano